



Umhverfisstefna 2019-2023

fyrir urðunarstaðinn á Bakkafirði

Markmið vegna urðunarstaðarins á Bakkafirði

Markmiðið er að draga úr urðuðu sorpmagni um 8 tonn á ári tímabilið 2019-2023, þannig að fjórum árum liðnum verði ekki urðað meira en 165 tonn, sem yrði um 16% minna magn en var urðað á árinu 2018. Skv. samantekt á skilufu sorpmagni á Bakkafirði árið 2018 var magnið sem hér segir:

Heimilissorp (grá tunna)	77 tonn
Almennt m.a. frá fyrirtækjum o.fl.	101 tonn
Timbur, málað	16 tonn
<u>Plast, veiðarfæri o.fl. þ.h.</u>	<u>3 tonn</u>
Samtals	197 tonn

Almennt

Markmið fela í sér betri flokkun á öllum úrgangi og minna magn þess sem urðað er. Það verður gert með því að koma upp flokkunarstöðvum og nytjagámum bæði á Bakkafirði og á Þórshöfn. Þar munu íbúar geta skilað úrgangi sjálfir og flokkað, blöð, pappír, plast og aðrar umbúðir.

Leita þarf leiða til að draga úr umbúðanotkun með því að hvetja almenning og fyrirtæki til að nota meira af endurnýjanlegum umbúðum.

Markmið þessi verði skoðuð árlega með hliðsjón af þeim árangri frá árinu á undan. Enn fremur þegar umhverfisstefna sveitarfélagsins verður mótuð, framtíðarstefna í urðunarmálum sem stefnt er að lokið verði á kjörtímabilinu, þá munu markmið sveitarfélagsins í urðunar málum vera felld að þeirri stefnu.

Aðrir möguleikar og aðgerðir

Almenn kynning á vegum sveitarfélagsins með reglubundnum hætti um mikilvægi flokkunar úrgangs og því að dregið verði úr magni þess sem urðað er. Einnig verði íbúar hvattir til þess að nýta grænmeti, kartöfluhýði og almennan gróðurúrgang til moltugerðar hjá sér.

Áfangar og markmið sem náðst hafa eða eru ákveðnir:

- Ákveðið hefur verið að gróðursetja skjólbelti umhverfis urðunarstaðinn á Bakkafirði. Með þessu skjólbelti er hægt skapa jákvæðari mynd á urðunarstaðinn. Auk þess mun skjólbelti draga úr ónæði og óþægindi íbúa og annarra vegna sorpurðunarinnar. Undirbúningur hefst á árinu 2019.
- Rauði krossinn hefur opnað verslun í húsvæði á vegum sveitarfélagsins þar sem íbúar geta gefið endurnýjanlegan fatnað til endurnotkunar í stað þess að henda honum.
- Öllu rúlluplasti sem til fellur í sveitarfélaginu er komið í endurvinnslu.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn 18. júní 2019 og sett skv. ákvæðum í lið 2.2 í starfsleyfi fyrir urðun sorps á Bakkafirði, útgefið 21. mars 2018.